

BORGARRÁÐ 20.10.2016: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um eftirlit með íbúðum í skammtímaleigu - R16100293

Reykjavíkurborg skal hafa forgöngu að því að hefja formlegt samstarf við lögregluna í Reykjavík, innanríkisráðuneytið og samtök ferðaþjónustunnar um að finna leiðir til að halda utan um og skrá allar íbúðir sem leigðar eru í skammtímaleigu til ferðamanna í Höfuðborginni. Tillagan byggir á því annars vegar að þarna sé möguleiki til tekjuaukningar hjá Reykjavíkurborgar en ekki er hægt að líta framhjá alvarlegum fréttum sem hafa borist í fjölmiðla um íbúðir sem leigðar eru skammtímaleigu á vefsíðum, eins og airbnb, séu notaðar til vændissölu. Í þessu sambandi vísum við m.a. til nýsamþykkrar mannréttindastefnu Reykjavíkur 2.1.3. þar sem segir: “Reykjavíkurborg einsetur sér að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi, vændi og mansali. Af þeim sökum er mikilvægt, í samvinnu við lögreglu, að sporna gegn rekstri nektardansstaða og rekstri sem snýst um vændiskaup”



Umsögn

Efni: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um eftirlit með íbúðum í skammtímaleigu
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Á fundi borgarráðs 20. október sl. lagði borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina fram tillögu um að Reykjavíkurborg hefði forgöngu um að hefja formlegt samstarf við lögregluna í Reykjavík, innanríkisráðuneytið og samtök ferðapjónustunnar um að finna leiðir til að halda utan um og skrá allar íbúðir sem leigðar eru í skammtímaleigu til ferðamanna í Reykjavík.

Skrifstofa borgarstjórnar óskaði eftir umsögn fjármálaskrifstofu þann 25. október sl. Fjármálaskrifstofa óskaði eftir fresti til að skila umsögn þar til starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík hefði skilað skýrslu sinni.

Borgarstjóri skipaði starfshóp um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík með erindisbréfi dags. 19. júlí 2016. Í erindisbréfi hópsins kom fram að heimagisting og íbúðagisting í Reykjavík hefði aukist mikið samhliða verulega auknum ferðamannastraumi. Mikilvægt væri að afla heildstæðra upplýsinga um fjölda íbúða í útleigu í Reykjavík, um líklegar sviðsmyndir um þróun heimagistingar og íbúðagistingar og hvaða stefnuvalkosti Reykjavíkurborg hefur í málaflokknum. Starfshópnum var einnig gert að skoða hvaða valkosti Reykjavíkurborg hefði í málaflokknum og setja fram drög að stefnu borgarinnar um heimagistingu og íbúðagistingu, m.a. um skilgreiningu skammtímagistingar, íbúðagistingar og heimagistingar. Fjallað skyldi um heimildir íbúðaeigenda í fjöleignarhúsum til skammtímaleigu og hlutfall íbúða undir slíka starfsemi í fjöleignarhúsum. Starfshópurinn átti að setja fram tillögur um hvernig haga mætti eftirliti á grundvelli laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða).

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni í júní sl. og var þar m.a. gerð tillaga um að Reykjavíkurborg óskaði þegar í stað eftir viðræðum um tvíhliða samning við Airbnb með það að markmiði að auðvelda eftirlit með útleigu íbúða í gegnum vefinn. En jafnframt lagði hópurinn til að Reykjavíkurborg hefði forgöngu að því að koma af stað samráðs- og upplýsingavettvangi þeirra aðila sem koma að rekstrarleyfisveitingu og eftirliti innan málaflokksins í þeim tilgangi að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum, forgangsraða og jafnvel samræma aðgerðir eftirlitsaðila.

Fjármálaskrifstofa tekur undir tillögur starfshópsins.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri



Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um eftirlit með íbúðum í skammtímaleigu.

Á fundi borgarráðs 20. október sl. lagði borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fram svohljóðandi tillögu:

Reykjavíkurborg skal hafa forgöngu að því að hefja formlegt samstarf við lögregluna í Reykjavík, innanríkisráðuneytið og samtök ferðapjónustunnar um að finna leiðir til að halda utan um og skrá allar íbúðir sem leigðar eru í skammtímaleigu til ferðamanna í höfuðborginni. Tillagan byggir á því annars vegar að þarna sé möguleiki til tekjuaukningar hjá Reykjavíkurborgar en ekki er hægt að líta fram hjá alvarlegum fréttum sem hafa borist í fjölmiðla um íbúðir sem leigðar eru skammtímaleigu á vefsíðum, eins og airbnb, séu notaðar til vændissölu. Í þessu sambandi vísum við m.a. til nýsamþykkrar mannréttindastefnu Reykjavíkur 2.1.3. þar sem segir: “Reykjavíkurborg einsetur sér að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi, vændi og mansali.” Af þeim sökum er mikilvægt, í samvinnu við lögreglu, að sporna gegn rekstri nektardansstaða og rekstri sem snýst um vændis kaup.

Starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dags. 19. júlí 2016 og skilaði skýrslu sínum og tillögum til borgarstjóra í maímánuði sl. Hún fékk kynningu í fagráðum Reykjavíkurborgar og ákvað borgarráð að vísa henni til samþykkrar borgarstjórnar á fundi sínum þann 31. ágúst sl. Tillögur starfshópsins voru samþykktar á fundi borgarstjórnar þann 5. september sl. og fjallar ein þeirra um stofnun samráðs- og upplýsingavettvangs þeirra aðila sem koma að rekstrarleyfisveitingu og eftirliti innan málaflokksins í þeim tilgangi að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum, forgangsraða og jafnvel samræma aðgerðir eftirlitsaðila. Í erindisbréfi hópsins kemur m.a. fram að hann skipa skrifstofustjóri borgarstjórnar ásamt fulltrúum frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, byggingarfulltrúanum og skipulagsfulltrúanum í Reykjavík,

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, slökkviliðinu og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en þetta eru þeir aðilar sem hafa lögbundið hlutverk við veitingu rekstrar-, starfs- og byggingarleyfa gististaða. Starfshópurinn lagði einnig til að Reykjavíkurborg myndi þegar hefja samingaviðræður við Airbnb með því markmiði að auðvelda eftirlit með útleigu íbúða í Reykjavík á því vefsvæði. Fyrir borgarráði liggur einnig erindisbréf þeirrar samninganefndar sem hefja mun störf án tafar.

Í ljósi ofangreinds er ekki talin þörf á því hefja formlegt samstarf við þá aðila sem tilgreindir eru í tillögunni. Gert er ráð fyrir aðkomu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á vettvangi samráðs- og upplýsingahópsins en aðkoma ráðuneytis sveitastjórnamála og samtaka ferðaþjónustunnar á ekki við að þessu leyti. Mælt er með því að tillögunni verði vísað frá með vísan til þess sem fram kemur í umsögn þessari.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar